

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013 (kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði).

Flm.: Vilhjálmur Árnason, Óli Björn Kárason, Páll Magnússon,  
Njáll Trausti Friðbertsson, Bryndís Haraldsdóttir,  
Brynjar Nielsson, Ásmundur Friðriksson, Jón Gunnarsson.

1. gr.

3.–7. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Skjöl er varða kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 146., 147., 148., 149. og 150. löggjafarþingi (391., 109., 21., 88. mál og 18. mál). Á 148. löggjafarþingi, 149. löggjafarþingi og 150. löggjafarþingi var málið til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd en var ekki afgreitt. Umsagnir sem bárust um málið á 149. löggjafarþingi voru almennt jákvæðar gagnvart efni frumvarpsins og breytingu þess á fyrirkomulagi stimpilgjalda.

Með frumvarpinu er lagt til að stimpilgjald vegna kaupa einstaklinga á íbúðarhúsnæði verði afnumið. Einstaklingum ber nú almennt að greiða 0,8% stimpilgjald vegna kaupa á íbúðarhúsnæði en þó er veittur helmingsafsláttur þegar um fyrstu kaup er að ræða. Verði frumvarpið að lögum mun gjaldið falla alfarið niður vegna kaupa einstaklinga á íbúðarhúsnæði og undanþágan verður ekki bundin við fyrstu kaup.

Markmið frumvarpsins eru að auðvelda fólki að afla sér íbúðarhúsnæðis og auka skilvirkni og flæði á markaði með íbúðarhúsnæði. Mikil þörf er á að auðvelda fólki eins og frekast er unnt að eignast íbúðarhúsnæði, einkum við aðstæður á borð við þær sem nú ríkja á húsnæðismarkaði.

Sýnt þykir að stimpilgjald hafi áhrif til hækkunar fasteignaverðs, dragi úr framboði og rýri hlut kaupenda og seljenda. Af framangreindu má ætla að afnám stimpilgjalds af fasteignaviðskiptum muni auðvelda verðmyndun á húsnæðismarkaði með tilheyrandi aukningu á framboði sem hefur verið með minnsta móti undanfarin ár.